



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gekk út úr Háskólabíói þegar nýr formaður Framsóknarflokksins hvatti til samstöðu. Hann er fyrsti formaður flokksins, eftir Jónas frá Hriflu, sem er felldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Formaður Framsóknarflokksins felldur

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra hafði betur gegn Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í formannslag Framsóknarflokksins í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem formaður Framsóknar er felldur síðan Jónas frá Hriflu var felldur af Hermanni Jónassyni árið 1944.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson bjóst ekki við því að tapa formannssætinu til Sigurðar Inga Jóhannssonar forsætisráðherra, eins og raunin varð. Þetta sagði hann í samtali við blaðamann Fréttablaðsins á leið sinni út af flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Sigurður Ingi hlaut 370 atkvæði í formannskjörinu en Sigmundur Davíð 329.

Sigmundur vildi ekki svara því hver framtíð hans innan flokksins

yrði eða hvort hann yrði áfram oddviti flokksins í Norðausturkjördæmi. Aðspurður sagðist hann engu að síður hafa skyldum að gegna við kjösendur sína þar.

Á flokksþinginu kusu 703 en Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hlaut þrjú atkvæði. Hún var kjörin varaformaður flokksins síðar á fundinum með 95,8 prósentum greiddra atkvæða. Eygló Harðardóttir tilkynnti á fundinum að hún

hygðist ekki bjóða sig fram til varaformanns og hvatti fundarmenn til að styðja Lilju svo hægt væri að sameina stríðandi fylkingar í flokknum.

Gunnar Bragi Sveinsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, segir niðurstöðuna vonbrigði. Hann hafi stutt Sigmund Davíð. „Ég hugsa að Sigmundur sé lykilmáður í góðu gengi flokksins. Hann er oddviti í Norðausturkjördæmi og þar þurfa menn auðvitað

að setjast niður og velta fyrir sér hlutunum en ég hygg að menn geti unnið saman. Auðvitað þarf bara að meta hvað sé best fyrir Framsóknarflokkinn. Það getur vel verið að það sé best að einhverjir stígi til hliðar, eða sitji áfram.“

Sigurður Ingi segir að eðlilega verði einhver breyting á flokknum nú, eins og alltaf er við mannskipti. Hann segir ákvörðun Eyglóar um að gefa ekki kost á sér sýna

mikið hugrekki. „Ég hef engar áhyggjur af því að samstarf okkar í forystu flokksins verði neitt annað en með miklum ágætum.“ Heimildir Fréttablaðsins hermdu að á síðustu vikum hefðu Sigurður Ingi og Gunnar Bragi hætt að talast við um tíma vegna formannsframboðs þess fyrrnefnda. Sigurður segir að það verði ekki vandamál áfram. „Við Gunnar Bragi höfum þegar talað saman.“ — snæ/ sjá síðu 4


Sjö ne sais quoi

7 GB á mánuði í 7 mánuði fylgja iPhone 7

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Veður



Suðaustanhvassviðri eða -stormur suðvestan til og á miðhálandinu. Dregur heldur úr vindi síðdegis. Rigning S- og V-lands, en þurr á N- og A-landi. Milt í veðri, hlýjast fyrir norðan. **SJÁ SIÐU 16**

Íslenskri konu nauðgað í Sviss

LÖGREGLUMÁL Karlmaður er í haldi í svissnesku borginni Basel grunaður um að hafa nauðgað 26 ára gamalli íslenskri konu um þarsíðustu helgi. Konan er búsett í borginni.

Maðurinn var handtekinn í liðinni viku og úrskurðaður í gæsluvarðhald en hann og konan þekkja ekki. Konan hefur verið í sambandi við þarlend lögreluyfirvöld vegna málsins og hefur verið útveguð viðeigandi læknaaðstoð sem og aðstoð lögreglu og lögfræðings. Lögreglan hefur framkvæmt húsléit hjá manningum og safnað viðeigandi sýnum og sönnunargögnum vegna málsins. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvers lenskur karlmaðurinn er en hann er þó ekki íslenskur.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að málið sé ekki komið á borð ráðuneytisins. Það sé allur gangur á því hvort sakamál komi inn á borð ráðuneytisins en það sé þá frekar að frumkvæði málsaðila en ekki þarlandra lögreluyfirvalda. – að

Andlát: Edda Heiðrún Backman

Leik- og myndlistarkonan Edda Heiðrún Backman lést á laugardag á Landspítalanum í Fossvogi. Hún var 58 ára gömul.

Edda útskrifaðist með leikarapróf frá Leiklistarskólanum árið 1983 og átti farsælan feril sem leikari, bæði í sjónvarpi og á sviði.

Árið 2004 greindist hún með MND sem varð til þess að hún sneri sér að leikstjórn og síðar að myndlist. Auk þess var hún ötul í baráttunni fyrir auknum réttindum fatlaðs fólks og náttúruvernd.

Edda lætur eftir sig tvö börn, leikarann Arnmund Ernst og nemann Unni Birnu.

Fyrsta haustlægðin



Það blés hressilega á suðvesturhorni landsins í gærkvöld og fram á nótt. Vindurinn náði að grípa með sér ýmislegt lauslegt en þessi vinnupallur, í Smyrilshrauni í Hafnarfirði, var þar á meðal. Hvíður náðu 40 metrum á sekúndu við fjöll og á hálandinu. Reiknað er með því að veðrið gangi yfir Snæfellsnes á hádegi en síðan muni lægja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saka stjórnvöld um útúrslúning

KJARAMÁL Kennarasambandið styður ekki frumvarp um lífeyrisjóði opinberra starfsmanna sem nú er til meðferðar á Alþingi. Sambandið telur trúnaðarbrest milli þess og ríkisvaldsins.

Þann 19. september síðastliðinn skrifuðu fulltrúar KÍ, BHM og BSRB undir samkomulag um breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Í samkomulaginu felst meðal annars að réttindi sjóðsfélaga skuli vera jafn verðmæt eftir breytingar og þau voru fyrir þær.

Í yfirlýsingu frá Kennarasambandinu kemur fram að það telji að fulltrúar ríkisvaldsins hafi snúið út úr samkomulaginu. Ágreiningur er uppi um túlkun á lykilkvæði samkomulagsins. Túlkun stjórnvalda þýðir að réttindi sjóðsfélaga verði skert, þvert á samkomulag um annað. Því skorar sambandið á þingmenn að samþykka frumvarpið ekki í óbreyttri mynd. – Jóe

Mamma Hilmis segir soninn hafa níu líf

Hilmir Gauti Bjarnason slapp ótrúlega vel þegar keyrt var á hann í Hafnarfirði. Hilmir er ekki óvanur að ganga óskaddaður frá slysum en hann festist í hyl við Reykdalsstíflu fyrir ári. Móðir hans segist ekki skilja úr hverju sonurinn sé gerður.

SAMFÉLAG „Hann er með níu líf og gúmmibein. Hann slapp ótrúlega vel en fékk sár og mar,“ segir Hafdis Jónsdóttir, móðir Hilmis Gauta Bjarnasonar sem ekið var á þegar hann gekk yfir gangbraut með hjólið sitt. Ökumaðurinn blindaðist af sólinni og sá hann ekki fara yfir götuna. „Ég skil ekki úr hverju þessi drengur er búinn til, þetta er orðið hálf ótrúlegt,“ segir hún en hjólið er gjörónýtt eftir slysið.

Hilmir féll í hyl við Reykdalsstíflu fyrir ári en bjargaðist með undra- verðum hætti. Hann varð að hálfgerðri þjóðareign um nokkurra daga skeið eftir að hann vaknaði og lék sér á göngum Landspítalans. Mikið björgunarafrek var unnið þegar hann og bróðir hans náðust upp úr hylnum. Hilmir var í hjartastoppi í kringum 37 mínútur en eftir endurlífgunartilraunir byrjaði hjarta hans að slá á nýjan leik. Þremur dögum síðar vaknaði hann og bað um iPad-inn sinn. Síðan hefur lífið leikið við hann.

Ég skil ekki úr hverju þessi drengur er búinn til, þetta er orðið hálf ótrúlegt.

Hafdis Jónsdóttir, móðir Hilmis Gauta Bjarnasonar

„Ökumaðurinn blindaðist af sólinni og hreinlega sá hann ekki. Hann tók ekki eftir honum fyrr en Hilmir fór í bílinn. Hann var sem betur fer ekki á mikilli ferð.“

Þetta var nú ekki alvarlegra en svo að hann hringdi sjálfur í mig og sagðist hafa lent í slysi. Mér auðvitað krossbrá en ég er með smá reynslu,“ segir hún og getur ekki annað en brosað þó málið sé auðvitað alvarlegt.



Hilmir Gauti var hin hressasti þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við hjá honum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Lifði af alvarlegt slys við Reykdalsstíflu

Slysið átti sér stað í apríl í fyrra. Hilmir féll ofan í hyl, fyrir neðan yfirfall Reykdalsstíflu, ásamt bróður sínum en sá komst til meðvitundar á slysstað.

Eftir slysið var Hilmir haldið sofandi í öndunarvél í þrjá daga. Þegar hann var vakinn mundi hann ekki eftir atvikinu og spurði hvi hann væri á spítalanum. Aðstandendur vissu að hann var í lagi þegar hann sagði „án djóks?“ eftir að hafa heyrt alla sólaröguna.


Björgunarmönnum og nemendum þriggja grunnskóla í Hafnarfirði var boðin áfallahjálp eftir slysið.

Slys höfðu ekki átt sér stað áður við stífluna. Foreldrar barna í nágrenninu höfðu þó kvartað yfir frágangi við hana öðru hvoru frá árinu 1970.



NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ TRYGGJA SÉR ÁSKRIFTAR-KORT BORGARLEIKHÚSSINS

Einfaldast og ódýrast að tryggja sér kort á borgarleikhus.is





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

— NÝ — COROLLA

Lengi býr að fyrstu gerð



Verð frá: 3.380.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

Mest seldi bíll í heimi!

Ný Corolla er enn eitt skrefið á 50 ára sigurgöngu. Ný hönnun með flæðandi línur að utan og faguð gæðasmíð með aukið rými að innan. Njóttu þess að horfa fram á veginn yfir endurhannað mælaborð með margmiðlun og tækni fyrir afþreyingu og örygga ferð í þægilegum akstri. Finndu hvað gerir Corolla að mest selda bíl í heimi.

Kynntu þér nýja Corollu nánar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



„Hvernig ætli hann bregðist við ef hann tapar?“ heyrðist einn spyrja í hópi Framsóknarmanna fyrir utan Háskólabíó í gær þegar blaðamaður bar að garði. Upphaf formanskjörs hafði dregist á langinn og fundargestir tvístígu óþreyjufullir í stappfullu húsinu.

Í anddyrinu stóðu málsvavar stríðandi fylkinga löngum stundum og reyndu að afla sínum mönnum stuðnings yfir kaffibolla. Gunnlaugur Sigmundsson, faðir Sigmundar Davíðs formanns Framsóknarflokksins, sást þar skrafa við menn og einnig Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður flokksins. Guðni sagði einmitt í viðtali við Fréttablaðið þann 13. september síðastliðinn að réttast væri að Sigmundur viki sem formaður. Gunnlaugur brást illa við og sagði Guðna hafa valið tímasetningu ársár sinnar á Sigmund gaumgæfilega.

Uppgjör í salnum

Í anddyrinu stóð líka Ásmundur Einar Daðason sem öllum að övörum var harðorður í garð Sigmundar á fundinum á laugardag. Allir töluðu í hálfum hljóðum um eftirleikinn af ræðu Ásmundar kvöldinu áður. Þá hafði Sigmundur komið í pontu og svarað ræðu Ásmundar. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, stóð upp undir ræðunni eins og í mótumaskyni. Þegar Sigmundur lauk ræðu sinni elti Eygló hann út, sakaði hann um ósannindi og þau rifust. Matthías Imsland, aðstoðarmaður Eyglóar, lýsti því sem svo að salurinn hefði verið í sjokki en líklega myndi atvikið frekar draga úr fylgi Sigmundar.

Það var jafnframt ljóst að fréttir þess efnis að tæknimönnum fundarins hefði verið gert að slökkva á beinni útsendingu flokksins af fundinum undir ræðu Sigurðar Inga daginn áður hjálpuðu Sigmundi ekki. Skyndilega var farið að draga upp mynd af Sigmundi sem manni með einræðistilburði.

Fagnaði of snemma

Enginn minnst á Sigurð Inga. Samtöl fundarmanna snerust um góða




Sigurður Ingi Jóhannsson bað fundargesti um að klappa fyrir Sigmundi Davíð í siguræðu sinni. Sigmundur og eiginkona hans, Anna Sigurlaug Pálsdóttir, tóku ekki undir lófatakið og yfirgáfu salinn skömmu síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ósigur Sigmundar

Flokksþing Framsóknarflokksins hverfðist um formanskjör á milli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sitjandi formanns, og Sigurðar Inga Jóhannssonar forsætisráðherra. Sá síðarnefndi hafði betur í skýrum sigri þar sem þó var nokkuð mjótt á muninum. Staða Sigmundar Davíðs er óljós eftir tíðindin.

Atkvæði formanskjörs



● Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
● Sigurður Ingi Jóhannsson
● Lilja Alfreðsdóttir ● Auðir

Eygló flóði í tárum

Fyrir fundinn hafði Eygló Harðardóttir ráðherra tilkynnt að hún hygðist bjóða sig fram til varaformanns ef Sigurður Ingi yrði kjörinn formaður. Þegar niðurstaðan var kunngerð tilkynnti Eygló aftur á móti að hún hygðist ekki bjóða sig fram og hvatti til þess að flokksmenn fylktu sér að baki Lilju Alfreðsdóttur utanríkisráðherra til að sameina stríðandi fylkingar innan flokksins. Fundarmaður í sal hrópaði að Eygló: „Kjaftæði, þú ert ömurleg.“ Eygló steig af sviðinu, faðmaði Lilju og gekk



grátandi burt úr salnum. Spennustigið var greinilega enn gríðarlega hátt. Þegar Fréttablaðið náði tali af Eygló undir kvöld sagði hún að ástandið innan flokksins væri búið að taka verulega á mjög lengi. Hún hefði þó upplifað erfiðari tíma í pólitík. „Ég kom inn á þing í nóvember 2008 í miðju bankahruni, þar sem voru dagleg mótmæli og þjóðin stóð á barmi gjaldþrots. Þó þetta sé búið að vera erfiður tími er ekki hægt að líkja þessu við það sem við sem þjóð vorum að ganga í gegnum þar.“

ræðu Sigmundar á laugardegnum en lakari á sunnudeginum. Þau snerust um möguleg viðbrögð Sigmundar við tapi, sem fæstir bjuggust þó við. Flestir töldu að Sigmundur myndi merja sigur, en naumlega. Margir töluðu um að þrátt fyrir allan sirkusinn í tengslum við eign Sigmundar og eiginkonu hans á aflandsfélaginu Wintris, sem var kröfuhafi í bú föllnu bankanna, væri hann besti maðurinn til að hafa í sínu liði þegar til samningaviðræðna kæmi. Hann væri harður í horn að taka en Sigurður Ingi væri mun mýkri og líklegri til að lúffa.

Loks kom að því að fundarmenn voru kallaðir inn í salinn. Formaður kjörstjórnar tilkynnti fyrst að Lilja Alfreðsdóttir hefði hlotið þrjú atkvæði. Næst las hann upp atkvæði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, 329. Einhver stuðningsmaður Sigmundar í salnum misreiknaði sig hrapallega og hreinlega óskraði af fögnuði þar til formaður kjörstjórnarinnar las upp prósentutöluna 46,8. Það sló þögn á salinn. Sigurður Ingi hafði fengið 370 atkvæði og 52,62 prósent. Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna.

Óvæntur ósigur

Sigmundur Davíð klappaði ekki fyrir nýjum formanni. Hann sat sem fastast í efri stúku Háskólabíós ásamt eiginkonu sinni. Sigurður Ingi sté í pontu og hóf ræðu sína á að biðja alla um að standa upp og klappa fyrir fráfarandi formanni. Sigmundur sat áfram. Því næst bað hann Framsóknarmenn að taka höndum saman, í bókstaflegri merkingu, og sameinast. Þá fékk Sigmundur nóg og gekk af fundi. Stór og mikill maður reyndi að koma í veg fyrir að fréttamenn næðu að elta Sigmund út.

„Ég er náttúrulega svekktur yfir þessari niðurstöðu,“ sagði Sigmundur á leið sinni út af fundinum. Hann sagði hvorki af né á um það hvort staða hans sem oddviti í Norðausturkjördæmi væri óbreytt né hvert áframhaldandi starf hans innan flokksins yrði. Benedikt Sigurðsson, aðstoðarmaður Sigurðar Inga og fyrrverandi aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs, sagði við blaðamann að líklega væri þetta stærsti ósigur Sigmundar á allri ævi hans.

Stríðandi fylkingar en aukid fylgi í sjónmáli

Fóru í fússi

Mjög fljótlega eftir að niðurstöður í formanskjörinu voru kunnngjörðar stóð nærri helmingur fundargesta upp og fór. Það sést bersýnilega á tölum úr varaformannskosningu þar sem Lilja Alfreðsdóttir var kjörin með 392 atkvæðum eða 95 prósentum. Í formanskjörinu greiddu 703 atkvæði.



Skorað á Sigmund

Framsóknarmenn eru margir hverjir svekktir yfir ósigri Sigmundar. Gunnar Kristinn Þórðarson, sem situr í 5. sæti á lista flokksins í Reykjavíkurborgardæmi norður, hefur ákveðið að taka ekki sæti á listanum. Hann skorar jafnframt á Sigmund að bjóða fram sérframboð.



Gunnar Bragi bakkar

Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var í framboði til ritara á fundinum en ákvað að draga framboð sitt til baka skömmu fyrir kjörið. Hann hefur verið eindreginn stuðningsmaður Sigmundar Davíðs og lýsti niðurstöðunni sem vonbrigðum í samtali við Fréttablaðið.



Nýr ritari kjörinn

Jón Björn Hákonarson var kjörinn ritari Framsóknarflokksins á fundinum með 84,7 prósentum atkvæða. Jón er forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og þjónustufulltrúi hjá Vátryggingafélagi Íslands. Hann kom inn sem varaþingmaður fyrir Framsóknarflokkinn í nóvember og desember árið 2007. Hann á ekki sæti á lista flokksins í Norðausturkjördæmi fyrir komandi kosningar.



Framsókn á möguleika

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor segir að með nýrri forystu eigi Framsókn góða möguleika í komandi kosningum. „Ef bræðravigin halda ekki áfram þá á flokkurinn ágætismöguleika. Flokkurinn býður upp á formann sem höfðar til landsbyggðarinnar. Þeir bjóða síðan upp á varaformann sem höfðar til kjósenda háfuðborgarinnar og er ný ásýnd Framsóknarflokksins.“



Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

Nú er frost í kortunum





Vandaðar frystikistur frá  AEG og  Ficold

 **Ficold**

Vandaðar danskar frystikistur

 **AEG**
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Vörunúmer	Lítrar	Stærð: HxBxD	Verð	Orka	Tegund
920672596	213 ltr.	87x80x66 cm	kr. 69.900,-	A+	
920711298	304 ltr.	86x105x66 cm	kr. 89.900,-	A+	
920478988	404 ltr.	86x132x66 cm	kr. 99.900,-	A+	
EC53HL	504 ltr.	86x150x73 cm	kr. 109.900,-		
EC61HL	581 ltr.	86x170x73 cm	kr. 119.900,-		
EC71HL	670 ltr.	86x180x77 cm	kr. 139.900,-		

Vandaðir frystiskápar frá AEG og ZANUSSI

				
				
<p>HT925052816 229 ltr. - Hvítur 185x60x66 A++</p> <p>Kr. 199.900,-</p>	<p>HZ925052542 248 ltr. - Hvítur 185x60x67 A+</p> <p>Kr. 89.900,-</p>	<p>HT922643285 251 ltr. 180x60x66 A++</p> <p>Kr. 189.900,-</p>	<p>HZ925052543 248 ltr. - Stál 185x60x67 A+</p> <p>Kr. 99.900,-</p>	<p>HT922643296 251 ltr.- Stál 180x60x66 A++</p> <p>Kr. 189.900,-</p>

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ormsson.is



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

Eins og að búa í risafangelsi

Íbúar á svæðum uppreisnarmanna í Aleppo búa við daglegar sprengjuárásir með eyðileggingu og dauða. Gjörgæslupláss sem enn eru í boði eru stöðugt full.

SÝRLAND Harðir bardagar hafa geislað í Aleppo síðustu daga milli stjórnarsins og uppreisnarmanna, bæði í miðborginni og norðausturhverfum hennar. Þá hafa loftárásir stjórnarsins, með aðstoð Rússa, haldið áfram af fullum þunga á svæði uppreisnarmanna.

Hundruð manna eru sögð hafa látist og gifurlegt álag er á þau fáu sjúkrahús eða læknameiðstöðvar sem enn eru starfandi.

„Öll gjörgæslupláss eru full,“ er haft eftir Abu Waseem, sem stjórnar sjúkrahúsi í austurhluta borgarinnar, á fréttavefnum Middle East Eye. „Sjúklingar þurfa að bíða eftir að aðrir deyi svo hægt sé að flytja þá í laust rúm á gjörgæslunni.“

Waseem starfar í Aleppo á vegum samtakanna Læknar án landamæra. Hann segir starfsfólkið vinna allt að 20 tíma á dag. „Það getur ekki bara farið heim og látið sjúklingana deyja.“

Á fréttavef The Guardian birtust fyrir helgi viðtöl við nokkra íbúa borgarinnar, sem lýsa því hvernig daglegt líf gengur þar fyrir sig meðan sprengingarnar dýnja.

„Við sofum ekki vel því þoturnar eru alltaf í loftinu. Þær vekja mig snemma þótt ég reyni að gefa hljóð-

Allt sem ég sé er rústir og brak og einu fréttirnar sem ég heyrir er að einhver hafi verið drepinn.

Abo Awad, leigubilstjóri í Aleppo

unum ekki gaum,“ segir Abo Awad, sem er leigubilstjóri. Hann segir að eitt af bestu hljóðunum sem heyrast á morgnana sé þegar nágranni hans kveikir á rafalnum sem hann er með: „Við hittumst allir til að hlaða batterí og síma, og tala um atburðina í Aleppo og sprengingar næturinnar yfir tebolla.“

Hann segist stundum fara út úr húsi, þegar kyrrð ríkir. Borgin sé hins vegar yfirgefin: „Það er ekkert fólk og engir bílar á götunum. Allt sem ég sé eru rústir og brak og einu fréttirnar sem ég heyrir er að einhver hafi verið drepinn.“ Hann segir að sér líði eins og hann búi í fangelsi, risastóru fangelsi sem fylli manninn lokunarkennid. „Og þannig líður okkur þangað til við förum að sofa um tíu- eða ellefuleytið og reynum að sofna. Þetta er óþolandi ástand.“
gudsteinn@frettabladid.is

Fiskurinn flýtur upp



Gifurlegt magn af fiski, líklegast nokkur tonn, hefur drepist undanfarna daga í Hó Tay-vatni í hjarta Hanoi, höfuðborgar Vietnam. Veidimenn og náttúruverndarsamtök hafa höfðað mál gegn verksmiðjum í borginni sem þau telja að hafi mengað vatnið og þannig valdið fiskdauðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lifðu þig inn í Sjónvarp Símans Premium

með Heimilispakka Símans

Síminn



Yfir 5.500 klukkustundir af heilum þáttaröðum þegar þér hentar. Svona á sjónvarp að vera.

Meirihlutinn á móti lækkun

Borgarfulltrúi vill að skoðað verði hvort Orkuveitan geti lækkað gjaldskrár. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði út arð eftir tvö ár. Meirihlutinn er á móti.

ORKUMÁL Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram tillögu í borgarráði um að Orkuveitan rýni í orkugjöld og skoði hvort unnt sé að lækka þau. Áslaug hafði áður lagt fram tillöguna í nóvember síðastliðnum.

„Ég legg hana fram um leið og ég sé að það er gert ráð fyrir að arður sé greiddur út úr Orkuveitunni í fimm ára áætlun. Þegar ég sé það þá finnst mér svolítið skrytið að eigendurnir vilji ekki tala um það hvert þeir vilja fara með þetta,“ segir Áslaug.

Hún bendir á að gjöld á notendur hafi verið hækkuð samkvæmt Planinu svokallaða sem var sett á laggirnar til að bæta stöðu Orkuveitunnar eftir bankahrunið.

„Við vildum ekkert ýta við Planinu. En það er núna að taka enda og þá sjáum við að borgin er strax búin að gera ráð fyrir arðgreiðslum,“ segir Áslaug og vísar þar í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar. Þar er gert ráð fyrir að árið 2018 greiði Orkuveitan eiganda sínum einn milljarð króna í arð. „Ég er fyrst og fremst að leggja til

að það sé skoðað hvort það sé svigrúm,“ segir hún.

Meirihluti borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata felldi tillöguna á fimmtudaginn. Í bókun sem meirihlutinn lagði fram segir að arðsemi Orkuveitu Reykjavíkur sé enn ekki í samræmi við áhættu í rekstri fyrirtækisins.

„Ótímabært er að taka til skoðunar gjaldskrárlækkunar fyrir en skilgreind hafa verið arðsemismarkmið fyrir starfsþætti OR og tryggt hefur verið að arðsemin samræmist markmiðum eins og gert er ráð fyrir í eigeendastefnu,“ segir í bókuninni. Þá þurfi áfram að stefna að lækkun skulda og minnkun fjárhagslegrar áhættu næstu árin til að OR nái þeim fjárhagslega styrk sem gert er ráð fyrir í langtíamarkmiðum fyrirtækisins.

jonhakon@frettabladid.is

Áslaug vill að skoðað verði hvort lækka megi gjöld á notendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvað er Planíð?

Planíð er aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda OR og var sett á laggirnar 2011. Fjárhagslegum markmiðum Plansins var náð um mitt ár 2015, einu og hálfu ári á undan áætlun. Aðgerðaráætlunin verður þó í fullu gildi út árið 2016 og þar

með er lagður grunnur að traustum fjárhag til langs tíma. Lán frá eigendum og gjaldskrárbreytingar skiluðu um 40 prósentum af árangri Plansins en sparnaður í rekstri og fjárfestingum og eignasala um 60 prósentum.

Við eigum afmæli og nú er veisla

DORMA

Láttu drauminn rætast



Þú finnur afmælisbæklinginn okkar á www.dorma.is



Nature's Bedding

NATURE'S SURPREME heilsurúm

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Supreme heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

Fullt verð: 164.900 kr.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **129.900 kr.**



OSLO rúmgafi

Rúmgafi fæst í stærðunum: 120, 140, 160, 180 cm. í mismundandi áklæði. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins **31.920 kr.**

HELSINKI rúmgafi

Rúmgafi fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.



Aðeins **31.920 kr.**

PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddi

PURE COMFORT koddi

Fullt verð: 3.900 kr.

Aðeins kr. 1.900 kr.

PURE COMFORT sæng

Fullt verð: 9.900 kr.

Aðeins kr. 5.900 kr.

TVENNU-
TILBOÐ

Sæng + koddi

Aðeins **7.800 kr.**



NATURE'S REST heilsurúm



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's Rest heilsudýna með botni.

Stærð: 160x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**

Nature's Bedding

AFMÆLIS-
TILBOÐ

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtgöðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

Eyðni eytt úr breskum manni

BRETLAND Tilraunamedferð hefur haft þau áhrif að líkami Breta virðist vera laus við HIV-veiruna. Sé það tilfellið er það fyrsta staðfesta dæmið um slíkt í heiminum.

Maðurinn var einn fimmtíu þátttakenda í tilraun á virkni nýrrar meðferðar. Blóðprufur úr manningum síðustu vikur sýna engin merki um veiruna.

Núverandi meðferðir geta haldið sjúkdómnum í skefjum en ekki eytt honum. Hið nýja lyf er frábrugðið eldri lyfjum að því leyti að það veur óvirkar T-frumur, hornsteina ónæmiskerfisins, til lífsins.

Vísindamenn frá fimm breskum háskólum, þar á meðal Oxford og Cambridge, standa að verkefninu. Talið er að um 37 milljónir manna séu smitaðar af veirunni. – **joe**

Norðanmenn velkomnir suður

KÓREA Park Geun-hye, forseti Suður-Kóreu, hefur kallað eftir því að íbúar Norður-Kóreu yfirgefi land sitt og gangi suður yfir 38. breiddargráðu til Suður-Kóreu. Þetta kom fram í máli hennar á frídegi tileinkuðum hermönnum landsins.

Undanfarna mánuði hafa samskipti ríkjanna nálgast þá stöðu sem var uppi á tímum kalda stríðsins. Stóran hluta þess má rekja til vopnatilrauna norðurríkisins. – **joe**

Vilja kynnst innflytjendum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir innflytjendum á Facebook til að taka þátt í verkefni þar sem innflytjendur og lögreglumenn eiga að ræða saman en markmiðið er meðal annars að efla menningarlæsi.

SAMFÉLAG Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vill kynnst innflytjendum betur. Hafið er verkefni innan embættisins þar sem innflytjendur og lögreglumenn embættisins hittast og ræða saman.

Í sumar fékk embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu einnar milljónar króna styrk frá þróunarsjóði innflytjendamála til að vinna verkefnið: Lögregla í fjölbreyttu samfélagi. Verkefnið gengur út á það að skapa vettvang þar sem lögreglumenn og innflytjendur, utan Evrópu, eiga samtal með því markmiði að skapa þekkingu, traust og efla menningarlæsi lögreglumanna.

Eyrún Eyþórsdóttir, lögreglufulltrúi og mannfraeðingur sem sér um hatursglæpi og minnihlutatengsl hjá embættinu, stýrir verkefninu. Hún segist vonast til þess að með verkefninu verði til samráðsvettvangur lögreglu og innflytjenda til frambúðar. „Væntingar til verkefnisins eru helst að einhvers konar „afurð“ eins og handbók eða tillögur fyrir lögreglumenn verði til, skrifðar af hópnum. Einnig að þátttakendur fái jákvæða mynd af lögreglunni og upplifi fagleika lögreglumanna og á hinn bóginn að lögreglumenn upplifi öryggi í starfi sínu gagnvart fjölbreytni samfélagsins. Það er von okkar að þessi

jákvæða reynsla skili sér viðar t.d. til annarra lögreglumanna og innflytjenda sem tóku ekki sjálfir þátt í verkefninu. Og að grundvöllur skapist, til að mynda eins konar samráðsvettvangur lögreglu og innflytjenda, sem yrði til frambúðar,“ segir Eyrún.

Hún segir að víða erlendis upplifi fólk að það eigi ekki gott aðgengi að lögreglu og leiti ekki til hennar. „Með þessu verkefni viljum við að allir upplifi að lögreglan á Íslandi þjónusti alla þegna samfélagsins,“ segir Eyrún og minnir á að verkefnið snúi ekki síður að því að fá lögreglumenn til að upplifa fjölbreytni samfélagsins.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur óskað eftir þátttakendum í verkefnið og meðal annars auglýst eftir þátttakendum á Facebook. Eyrún segir marga hafa sýnt áhuga á því að vera með en stefnt sé að því að rúmlega þrjátíu manns taki þátt í verkefninu.

„Lögd er áhersla á að þátttakendur endurspegli fjölbreytni m.a. með tilfelli til kyns og kynvitundar, aldurs, trúar og uppruna auk þess sem við horfum til skórunar þátta sem byggja upp sjálfsmynd fólks,“ segir Eyrún sem segir að enn sé verið að bæta í hópinn. Kröfurnar séu þær að viðkomandi sé innflytjandi, eigi rætur



Þegar lögregla endurspeglar ekki samfélag sitt eða hefur ekki þekkingu á öllum kimum samfélagsins má ætla að hún eigi erfitt með að tengjast samfélaginu í heild sinni og skilja þarfir ólíkra hópa gagnvart þjónustuhlutverki stofnunarinnar.

Eyrún Eyþórsdóttir, lögreglufulltrúi

Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi vill auka traust innflytjenda á lögreglunni og skapa samtalsvettvang fyrir lögreglumenn og innflytjendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að rekja til landa utan Evrópu og sé búsettur á höfuðborgarsvæðinu.

Eyrún segir að þörf sé fyrir verkefnið. „Mikil einsleitni er innan lögreglunnar auk þess sem í gegnum tíðina hefur fræðsla um fjölbreytni samfélagsins verið af afar skornum skammti í grunnnámi lögreglumanna og ekki til staðar í framhaldsnámsskeiðum sem hafa verið í boði. Þegar

lögregla endurspeglar ekki samfélag sitt eða hefur ekki þekkingu á öllum kimum samfélagsins má ætla að hún eigi erfitt með að tengjast samfélaginu í heild sinni og skilja þarfir ólíkra hópa gagnvart þjónustuhlutverki stofnunarinnar,“ segir Eyrún sem segist vona að í nýju lögreglunámi á háskólastigi verði þessi fræðsla efl. kristjanabjorg@frettabladid.is

BÚSETURÉTTIR Í NÝBYGGINGUM

Áður auglýst - “fyrstur kemur fyrstur fær”

Teikningar og allar frekari upplýsingar á www.buseti.is



BÚSETI™

Öruggur valkostur á íslenskum húsnæðismarkaði í rúm 30 ár

Glæsilegar búseturéttaríbúðir við Einholt og Þverholt
Nokkrar 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir lausar

Fullbúin 5. herb. raðhús í nýbyggingum
við Ísleifsgötu í Reynisvatnsási



Útborgun búseturéttar frá
kr. 1.805.650,-
Búsetugjald frá kr.
160.134,-



Útborgun búseturéttar frá
kr. 6.000.000,-
Búsetugjald frá kr.
220.821,-

BÚSETURÉTTIR Í ENDURSÖLU

Umsóknarfrestur eldri búseturéttar til og með 11. október kl. 16
Úthlutun 12. október kl. 12 í Síðumúla 10



Breiðavík 33 íbúð 203
112 Reykjavík
3. herb. 86,9 m²
Afhending: Strax
Búseturéttur hámark: 2.064.977,-
Búsetugjald: 115.921,-
Mögulegt lán: 700.000,-



Kristnibraut 63 íbúð 204
113 Reykjavík
4ra herb. 109 m²
Afhending: Nóvember
Búseturéttur hámark: 4.202.160,-
Búsetugjald: 173.509,-
Mögulegt lán: 1.500.000,-



Nýuppgerð

Eiðismýri 26 íbúð 102
170 Seltjarnarnes
Nýuppgerð 2ja herb. 57,8 m²
Afhending: Byrjun desember
Búseturéttur hámark: 3.663.000,-
Búsetugjald: 137.465,-
Mögulegt lán: 1.000.000,-



Nýuppgerð

Trönuhjalli 17 íbúð 302
200 Kópavogur
Nýuppgerð 3ja herb. 82,4 m²
Afhending: Byrjun janúar 2017
Búseturéttur hámark: 4.224.000,-
Búsetugjald: 156.716,-
Mögulegt lán: 1.500.000,-

Búsetugjald innifelur: fjármagnskostnað, skyldutryggingar, fasteignagjöld, húsnæði, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóði. Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði

Búseti húsnæðissamvinnufélag
www.buseti.is

Engar framkvæmdir hjá Silicor á meðan dómsniðurstöðu er beðið

SAMFÉLAG Silicor mun ekki hefja framkvæmdir fyrr en niðurstaða fæst í dómsmáli sem Kjósarhreppur, bændur á svæðinu og náttúruverndarsamtök höfðu til að fá verksmiðjuna í umhverfismat. Fyrirtæki á málinu fer fram 6. október. Þangað til munu Faxaflóahafnir halda að sér höndum en gert var ráð fyrir um hálfum milljarði í framkvæmdir við Grundartanga.

Dómsmálið snýst um að fá úrskurð Skipulagsstofnunar hnekkst en hún úrskurðaði að fyrirhuguð verksmiðja þyrfti ekki að fara í umhverfismat. Silicor áætlað að framleiða 16 þúsund tonn af sólarkísil í 92 þúsund fer-

metra verksmiðju. Þegar skrifað var undir samninga í fyrra kom fram að samkvæmt óháðum aðila yrði verksmiðjan umhverfissvænasta stóriðja á Íslandi. Alls myndu 450 störf skapast og líklega myndi verksmiðjan skila þjódarbúinu um 50 milljörðum á ári í útflutningstekjur.

„Svona mál taka tíma. Silicor krafðist frávisunar og dómari tók undir þau rök að hluta þannig að málið lifir að hluta. Nú er það gagnaframlagning og svo aðalmeðferð. Þetta er í hefðbundnu ferli,“ segir Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Silicor hér á landi. Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir að það verði ekki farið af stað í



- Sólarkísilver Silicor mun byggja á nýju framleiðsluferli.
- Aðferðin er öruggari, umhverfissvænari og ódýrari en fyrri aðferðir.
- Aðferðin bræðir kísil við ál þannig eftir situr 99,9999% hreinn sólarkísill.

- Sólarkísilverið er eðlisólíkt kísilverum. Þar verða afurðir kísilvera áframunnar.
- Losun koltvísýrings vegna framleiðslunnar verður um 48 tonn á ári.
- Álver á Íslandi losa um 500 þúsund tonn á ári.

neinar framkvæmdir fyrr en staðfest verði að Silicor muni hefja starfsemi. Fyrirtækið hafi frest fram í desember til að taka endanlega ákvörðun. „Við hreyfum okkur ekki fyrr en allt er klárt og búið er að staðfesta fjármögnun og að samningar taki gildi. Við höfum ekki notað það fjármagn sem er tilbúið.“

Alls er áætlað að um 135 milljónir króna renni til vegagerðar, vatnsveitulagna og fráveitu. Um 175 milljónir eiga að fara í löndunaraðstöðu og um 140 milljónir í hækkun kantbita. Þá er gert ráð fyrir 55 milljónum í lóðagerð vegna samkomulags við Eimskip. benediktboas@frettabladid.is



Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, er andsnúinn kvótanum líkt og rúmlega 90 prósent landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kjörsókn gæti ógilt kosningu

UNGVERJALAND Útlit er fyrir að slæleg kjörsókn verði til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla Ungverja, um flóttamannakvótakerfi Evrópusambandsins, teljist ógild.

Fyrstu útgönguspár bentu til þess að nær allir sem mættu á kjörstað hefðu hafnað tillögunni. Kjörsókn náði hins vegar ekki 50 prósentum sem áskilin eru til að kosningin teljist gild.

Í tillögu Evrópusambandsins felst að um 160.000 flóttamönnum verði dreift á milli aðildarríkja ESB. Hlutur Ungverja er 1.300 manns samkvæmt tillögunni.

Stærstur hluti flóttamanna sem koma til Evrópu hefur viðkomu í Ungverjalandi á leið sinni til landa vestar í Evrópu. – jõe

Fá skilnaðargögn látinna foreldra

SAMFÉLAG Fjögur systkin fá aðgang að skilnaðargögnum látinna foreldra sinna en skilnaðurinn átti sér stað fyrir þremur áratugum. Þetta var niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Kærendur fóru fram á aðgang þar sem í gögnunum er að finna upplýsingar um hvernig forræði yfir systkinunum var háttáð og hvernig heimilisaðstæður þeirra voru í æsku. Þar er að auki að finna upplýsingar um einkamálefni foreldra þeirra.

Að mati nefndarinnar vögu hagsmunir systkinanna þyngra en fríðhelgi einkalífs foreldranna. Því fengu þau upplýsingarnar afhentar. – jõe



KJÓSUM GOTT LÍF

Samtök iðnaðarins boða til opins fundar um atvinnulíf í aðdraganda kosninga. Kaldalón í Hörpu, þriðjudaginn 4. október, kl. 8.30–10.00.

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til umræðunnar og hvetja frambjóðendur allra flokka til að setja atvinnulífið á oddinn.



DAGSKRÁ

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, setur fundinn



Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, kynnrir áhersluatriði Samtaka iðnaðarins:

EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI – nauðsynlegur sjálfbærum vexti

HÚSNÆÐI – grunnþörf yngri og eldri kynslóða

MENNTUN – forsenda bættra lífskjara og aukinnar framleiðni

SAMGÖNGUR OG INNVIÐIR – lífæð heilbrigðs samfélags

ORKA OG UMhverfi – fjölbreyttur iðnaður í sátt við umhverfið

NÝSKÖPUN – drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyristekna



UMRÆÐUR

Össur Skarphéðinsson
Samfylkingu



Smári McCarthy
Pírötum



Þórunn Pétursdóttir
Bjartri framtíð



Jón Gunnarsson
Sjálfstæðisflokkur



Jóna Sólveig Elínardóttir
Viðreisn



Katrín Jakobsdóttir
Vinstri grænum



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Framsóknarflokkur

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. **Skráning á www.si.is**

SI Samtök
iðnaðarins

**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is



Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

SKOÐUN

Skammsýni



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Víð sem erum komin á miðjan aldur eða eldri munum þá tíma þegar refa- og minkabúskapur átti að koma íslenskum sveitum til bjargar. Íslendingar gátu vart beðið þess dags þegar helmingur Hollywood-stjarna sveipaði sig íslenskum ref og hinn helmingurinn mink. En Brigitte Bardot náði eyrum heimsins, búin fóru mörg hver á hausinn en minkurinn fjölgaði sér í villtri íslenskri náttúru. Þó svo mörg minkabú séu rekin á landinu í dag með ágætum árangri reyndist þessi innflutningur á mink, sem slapp reyndar fyrst frá búum árið 1931, óafturkræf mistök fyrir náttúruna og mikill skaðvaldur fyrir fuglalíf í landinu. Íslensk náttúra er ekki síður viðkvæm en verðmæt. Það er því þeim mun erfiðara að skilja hvernig menn hafa látið sér koma til hugar áform um stórfellt sjókvíaldeldi á kynbættum, ógeltum norskum laxi á sunnanverðum Vestfjörðum og í framhaldinu víðar um land. Okkar eigin saga eldisbúmenntu og saga Norðmanna af samsvarandi laxeldi ætti að kenna okkur að þessi áform eru hrein og klár aðför gegn íslensku lífríki.

Hér er á ferðinni fádæma óumhverfisvæn landbúnaður en úrgangurinn frá eldinu er gríðarlegur, auk þess sem mikil grútamengun getur leitt til mikils fuglaldauda við strendur. Sjúkdómar herja oft á eldislax, þar á meðal miklir lúsafaraldrar, og þeir geta hæglega borist í villtan lax auk þess sem ræktendur beita eitrefnum sem eru afar skaðleg fyrir náttúruna. Notkun eitrefna, sýklalyfja og litarefna hafa einnig orðið til þess að draga úr gæðum afurðarinnar. En mikilvægast er að horfa til þeirrar staðreyndar að fjöldi laxa sleppur úr kvíum. Ef horft er til umfangs þess eldis sem stefnt er að má einfaldlega gera ráð fyrir því að þar verði á ferðinni margfalt fleiri laxar en tilheyra villta íslenska laxastofninum í dag. Sé eldislaxinn ógeltur mun erfðamengunin sem af því hlýst mögulega útrýma íslenskum laxastofnum, m.a. vegna þess að laxinn hættir að rata heim úr hafi. Laxar rata ekki lengur heim í þrjár af hverjum tíu af þeim ám sem áður töldust laxveiðiar í Noregi.

Það virðist oft gæta þess misskilnings að laxveiði sé einkamál moldríkra karla og komi almenningi ekki við. Það er mikill misskilningur. Laxveiði er nefnilega frábært dæmi um umhverfisvæna og arðbæra atvinnugrein í dreifðari byggðum landsins. Atvinnugrein þar sem leitast er við að hafa ferðamennina færri, um leið og hver og einn þeirra skilur meira eftir sig. Atvinnugrein þar sem tekjurnar deilast á fjölmarga bændur sem eru veiðirétthafar, veiðifélög, leiðsögumenn og veitingamenn, svo eitthvað sé nefnt. Sagan kennir okkur að það er eitthvað sem stórfelld iðnvæðing í dreifðari byggðum landsins hefur ekki getað stært sig af til þessa.

Áform um stórfellt sjókvíaldeldi með erfðabreyttum, ógeltum laxi er því ekki aðeins aðför gegn íslenskri náttúru, heldur einnig aðför gegn arðbærri og umhverfisvænni atvinnugrein sem blómstrar víða um land. Þetta eru þau tvö grundvallaratriði sem ráðamenn verða að átta sig á og stöðva í framhaldinu þessar skammsýnu fyrirætlanir í núverandi mynd og það strax.

Laxveiði er nefnilega frábært dæmi um umhverfisvæna og arðbæra atvinnugrein í dreifðari byggðum landsins.

Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Táknræn útganga?
Framsóknarflokkurinn valdi sér nýjan formann í gær. Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra þjóðarinnar, fær það hlutverk að leiða flokkinn næstu misserin og sameina hann í kosningabaráttunni. Gríðarlegur fjöldi fólks fylgdist með formanskjöri Framsóknarflokksins. „Ég vil að við göngum út sem ein fjölskylda,“ sagði Sigurður Ingi í þakkarræðu sinni eftir formanskjörið. Ljóst er að það verður um margt vandasamt verkefni. Sigmundur Davíð gekk út af flokksþinginu um sama leyti og gaf ekki færi á viðtölum. Aðeins fjórar vikur eru til kosninga og því er það ærið verkefni fyrir formanninn að fá alla til að tala einu máli.

Enn ráðherrakandidat
Atkvæðin skiptust hins vegar gríðarlega jafnt. Fráfarandi formaður fékk 46,8 prósent atkvæða kosningabærra manna á fundinum. Ljóst er að flokkurinn er klofinn í herðar niður. Reyndur stjórnmálamaður eins og Sigmundur Davíð hlýtur að gera sér grein fyrir því að viðbrögð hans næstu daga munu hafa mikið að segja um það hvort flokkurinn nái vopnum sínum á ný sem ein sterk hreyfing. Líklegra er að Framsóknarflokkurinn nái í ríkisstjórn undir stjórn Sigurðar Inga. Verði það raunin getur hann ekki horft framhjá Sigmundi sem ráðherraefni. Því er ekki öll nótt úti enn fyrir frama Sigmundi og stjórn-málum, kjósi hann svo. sveinn@frettabladid.is

Lagt í'ann



Ari Trausti Guðmundsson
í 1. sæti á lista VG í Suðurlanddæmi



Þegar Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur af stað út í kosningastarf 2016 í Suðurlanddæmi liggur beint við að spyrja á hvað frambjóðendur, flestir ferskir í boði eins og ég, leggja áherslu.

Eflaust finna allir stjórnmálaflokkar meira eða minna sömu brýnu verkefni að leysa; til dæmis í málefnum sem varða samgöngur, heilbrigðisþjónustu, menntamál, atvinnu og byggðaþróun, svo sumt sé nefnt. Á milli skilur langoftast þegar kemur að lausnum. Bæði aðferðum við lausnir og leiðum til að finna fjármagn til lausnanna.

Ög viðmið flokka og hreyfinga eru oftast ólík. Hverra hagsmunum viljum við þjóna? Þeirra sem afla síns viðurvaris með eigin afli, þekkingu og hyggjuviti? Þeirra sem treysta á samfélagslega aðstoðu vegna áfalla eða aldurs? Þeirra sem lifa af lágum launum og meðallaunum? Þeirra sem þrjá betri lífsskilyrði og meiri menntun? Þeirra sem sjá sjálfbærar náttúrunytjar sem einan valkost til næstu áratuga? Þeirra sem skilja að fjölmenning er fólgin í byggð sem víðast á landinu og í sem opnustu samfélagi allra er vilja búa á Íslandi?

Heildræna sýn á samfélagið og heiminn
Þegar við sem skipum lista VG í viðáttumasta kjördæmi landsins hittum Sunnlendinga á næstu vikum, gildir meðal annars að hlusta á orð um hvað á ykkur brennur og færa rök fyrir því sem við teljum rétt að gera í þeirra ljósi.

Við getum líka minnt á að stjórnmálhreyfing hefur heildræna sýn á samfélagið og heiminn langt fram í tímann en líka stefnu til eins eða tveggja kjörtímabíla sem miðar að endurbótum á óréttlátu efnahagskerfi, daglegu lífi almennings og hnökrottu lýðræði. Ég ætla að vinna opið og heiðarlega að verkefnum sem mynda málefnastrá og málefnaausnir VG í sem mestri samvinnu við jafnt liðsmenn hreyfingarinnar sem kjósendur, jafnvel aðra flokka ef unnt er.

Ekki gallalaus

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Viljum við sterka manninn? Viljum við fólk í valdastöður sem kennir „tæknimönnum“ og „mistökum“ þeirra um afleiðingarnar af eigin ofriki? Er slíkt athæfi til vitnis um raunverulegan styrk?

Þegar þetta er skrifað á sunnudagsmorgni er ekki vitað um úrslit í formannskjöri í Framsóknarflokknum en af fregnum að dæma mun það tvísýnt. Við höfum hins vegar fylgst nokkuð langleit með framferði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns flokksins, í aðdragandanum og á sjálfu þinginu – honum tókst að ganga þar enn fram af flestu fólki með gerræðislegum tilburðum sínum, og erum við þó ýmsu vön.

Eitthvað klikkað

Fyrir þingið stóð hann í þjarki við framkvæmdastjórn flokksins lengi kvölds, gamla vini og nána samstarfsmenn – og endaði með hurðarskellum – um það hvort Sigurður Ingi Jóhannsson, meðframboðandi til formannsembættis, fengi að tala á flokksþinginu meira en aðeins til málamyndu. Sigmundur Davíð sagði sjálfur ætla að ákveða þetta – því hann ætti boltann – og rauk á dyr og var salómsonsúrskurður hans sá að réttlátt væri að Sigurður Ingi fengi korter en hann sjálfur klukkutíma.

Stórmannlegt. Og áfram héldu sniðugheitin. Á meðan Sigurður Ingi talaði urðu þau „mistök“ að klippt var á vefútsendingu frá þinginu. Í viðtali við RÚV hefur hinn trúfasti Jóhannes Þór, aðstoðarmaður og útskýrari Sigmundar Davíðs, skýringar á reidum höndum – eða þannig: „Það stóð til að allar ræðurnar yrðu sýndar. Það hefur eitthvað klikkað annaðhvort í tækni eða á öðrum stað. Það hljóta að hafa verið vitlaus skilaboð til tæknimanna,“ segir Jóhannes Þór.“

Það hefur eitthvað klikkað. Og tæknimönnum kennt um: en skilaboðin skýr um það hver ráði, hver sé sterki maðurinn, í hvaða fylkingu rétt sé að koma sér ef ekki eigi illa að fara fyrir manni.

Sjálfur hélt formaðurinn langa ræðu þar sem hann þakkaði sér allt sem lánast hefur hér á landi frá Hruni en kenndi öðrum um hitt sem miður hefur farið, og ættu lesendur að vera farnir að þekkja það þéttriðna net svikráða og samsæra ólíkustu afla sem hann lætur jafnan í veðri vaka að hann eigi í höggi við. Málgaun Sigmundar á netinu, Eyjan, greindi okkur frá því að ræðan hefði vakið „gríðarleg fagnaðarlæti“ og vitnar til þess að Sigmundur hafi sagt: „Við semjum út frá stöðu styrkleika,“ – sem skýrir þá væntanlega hvers vegna hann knúði í gegn hina frámunalegu mismunum milli þeirra Sigurðar Inga á flokksþinginu: Hann hafði embættið, hann hafði styrkinn, hann réð, hann ætlaði að hafa þetta svona. Sterki maðurinn.

Hver er sterkur?

Viljum við sterka manninn? Viljum við fólk í valdastöður sem kennir „tæknimönnum“ og „mistökum“ þeirra um afleiðingarnar af eigin ofriki? Er slíkt athæfi til vitnis um raunverulegan styrk?

Viljum við ráðamenn sem segja ekki satt? Viljum við ráðamann, sem reynir að láta aflsmun ráða við úrlausn mála, leitar ævinlega uppi

átakpunktinn í hverju máli og magnar hann upp, skapar flokkaðrætti hvar sem því verður við komið?

Eða viljum við frekar fólk sem reynir að semja um hluti, byggja brýr, opna vegi, skapa samræður? Sigurður Ingi hefur reynst vera slíkur stjórnmalamaður. Vissulega Framsóknarmaður – raunverulegur Framsóknarmaður eins og við höfum lengi þekkt – þéttur á velli og þéttur í lund, varðstöðumaður um kerfið en líka maður sem við mundum geta hitt í fermingarveislu og spjallað við; eins og mamma sagði stundum: geðugur maður. Er slíkur maður, sem hlustar á aðra, semur, stendur við orð sín, reynir að segja satt – kannski frekar sterkur einstaklingur en hinn sem í sífellu reynir að hagræða hlutum þannig að hann sjálfur komi sem best út?

Aðeins tvísvar hefur Sigurði Inga orðið illa á í messunni og í bæði skiptin var hann að ganga erinda Sigmundar Davíðs. Í fyrra sinnið þegar hann lét flytja Fiskistofu til Akureyrar, í kjördæmi SDG, og í seinna skiptið þegar honum varð það á í vandræðum sínum að verja vonlausan málstað, að segja að það gæti verið flókið fyrir fólk á Íslandi að eiga peninga – og var þá að reyna að bera í bætiflaka fyrir aflandseignir SDG.

Sigmundur Davíð kom sem sé víða við í klukkustundarræðu sinni á flokksþingi Framsóknarmanna og tilgreindi margt sem hann taldi sig hafa gert vel en aðrir illa, auk þess sem hann sveikst ekki um að minna á öll svikráðin sem menn sitja á allt í kringum hann.

„Ég er ekki gallalaus,“ sagði hann líka í ræðunni. Það hljómar eins og högværðartal þangað til maður gefur því dálítinn gaum. Hvers konar maður telur sig þurfa að taka það sérstaklega fram að hann sé ekki gallalaus?

Hafi hann verið kosinn í gær biður Framsóknarflokksins eyðimerkurganga út í æ skringilegri baráttumál. Hafi hins vegar Sigurður Ingi verið kosinn hefur flokkurinn eignast forystumann til næstu áratuga.

Grípum tækifæri framtíðarinnar



Illugi
Gunnarsson
mennta- og
menningarmála-
ráðherra

Í dag verður hrint úr vör metnaðarfullu verkefni sem ber yfirskriftina Kóðinn 1.0. Verkefnið er ætlað börnum í sjötta og sjöunda bekk og er unnið í samstarfi Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Samtaka iðnaðarins ásamt fyrirtækjum í tæknigeiranum, Ríkisútvarpinu og Menntamálastofnun. Markmiðið með Kóðanum 1.0 er að efla skilning og þekkingu á forritun og kynna fyrir íslenskum börnum þá möguleika sem aukin hæfni í upplýsingatækni getur gefið þeim í framtíðinni.

Öllum nemendum í sjötta og sjöunda bekk mun á næstu misserum gefast kostur á því að fá gefins smátölvu sem nefnist Micro:bit. Það er einfalt, lítið tæki sem gefur krökkum kjörið tækifæri til að kynna forritun á eigin forsendum með skapandi vinnu og tilraunum sem virkjar þannig frumkvæði og forvitni þeirra sjálfrá. Í framhaldinu verður boðið upp á vikulegar áskoranir og nemendur munu fá aðgang að fræðslu og leiðbeiningum um notkun Micro:bit. Þá verður kennurum einnig boðin fræðsla um notkun Micro:bit. Allar upplýsingar

verður að finna á heimasíðu Kóðans, krakkaruv.is.

Það er von þeirra sem standa að verkefninu að með því öðlist íslensk börn og ungmenni aukinn skilning á forritun og gildi hennar í þeirra daglega lífi, átti sig á þeim tækifærum sem felast í forritun og komist að raun um að hún er nú orðinn hluti af nær öllum sviðum atvinnulífsins.

Heimurinn hefur á seinustu öldum breyst hraðar en nokkru sinni fyrr í mannkynssögunni. Veröldin sem við þekkjum í dag er að ýmsu leyti allt önnur en sú sem mörg okkar ólumst upp í. Mörg af þeim störfum sem við inntum af hendi fyrir 20 árum eru ekki lengur til, og það er ýmislegt sem bendir til þess að sum af þeim störfum sem við þekkjum í dag munu tilheyra sögubókunum eftir önnur 20 ár.

Á tímum þar sem tækniþróun er svo ör að vandasant getur verið að fylgja henni eftir er brýnt að íslensk börn búi yfir þekkingu og færni til að grípa tækifærin sem munu óhjákvæmilega standa þeim til boða í framtíðinni. Þörf atvinnulífsins fyrir einstaklinga sem búa yfir skapandi hugsun og þekkingu á forritun er mikil og fer ört vaxandi. Sú þörf afmarkast ekki við fyrirtæki í tölvu- iðnaðinum heldur er vandfundin sú atvinnugrein, bæði á vettvangi hins opinbera og í einkageira, þar sem ekki eru gríðarleg tækifæri fyrir þá sem hafa náð tökum á forritun.

Í þessu samhengi má telja sennilegt að þekking og færni í forritun,

Á tímum þar sem tækniþróun er svo ör að vandasant getur verið að fylgja henni eftir er brýnt að íslensk börn búi yfir þekkingu og færni til að grípa tækifærin sem munu óhjákvæmilega standa þeim til boða í framtíðinni.

rökhugsun og nýsköpun muni skipta sköpum fyrir framtíðarlífsgæði Íslendinga almennt. Þjóðir sem fara á mis við tækifæri framtíðarinnar munu því að öllum líkindum verða eftirbátar annarra þegar kemur að því hvaða lífskjör munu standa þegnum þess til boða.

Vonandi munu þessi litlu handhægu tæki vekja áhuga og forvitni meðal íslenskra barna og ungmenna. Þau fá nú tækifæri til að fara með þau heim og prófa sjálf, gera tilraunir, reka sig á veggi og upplifa að endingu bæði smáa og stóra sigra.

Ég kann þeim sem koma að verkefninu mínar bestu þakkir fyrir sitt framlag. Sérstaklega þykir mér virðingarvert hve mörg fyrirtæki hafa gefið vinnu, ráðgjöf og fjármuni til þess að stuðla að því að íslensk börn og ungmenni fái notið þeirra lífskjara sem þau eiga sannarlega skilið í framtíðinni.

ALVÖRU VEFSÍÐU- GERÐ

FRÁ GRUNNI AÐ
GÓÐRI SÍÐU MEÐ
WORDPRESS



HEFST 3. OKTÓBER

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn

Snæfell og Þór Þorlákshöfn meistarar meistaranna



Gunnhildur Gunnarsdóttir, fyrirliði Snæfells, og Emil Karel Einarsson, fyrirliði Þórs Þorlákshafnar, taka við meistarabikurum KKÍ í DHL-höllinni í gærkvöldi. Íslandsmeistarar Snæfells unnu bikarmeistara Grindavíkur en Þór lagði Íslands- og bikarmeistara KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Swansea	1-2	Liverpool
Hull	0-2	Chelsea
Watford	2-2	Bournemouth
West Ham	1-1	Middlesb.
Sunderland	1-1	Everton
Man. Utd	1-1	Stoke
Tottenham	2-0	Man. City
Leicester	0-0	Southampton
Burnley	0-1	Arsenal

Efst

Man. City	18	M.Boro	6
Tottenham	17	Swansea	4
Arsenal	16	West Ham	4
Liverpool	16	Stoke	3
Everton	14	Sunderland	2

Neðst

Hvað gerðu Gylfi og Jóhann Berg?

Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea sem tapaði fyrir Liverpool. Jóhann Berg átti flottan leik fyrir Burnley sem tapaði fyrir Arsenal á grátlegan hátt, 1-0.

Stærstu úrslitin

Tottenham varð í gær fyrsta liðið til að leggja lærisveina Pep Guardiola í Manchester City. Pochettino og hans menn eru eina taplausu liðið í ensku úrvalsdeildinni.



Netjan Laurent Koscielny fékk boltann í höndina og þaðan fór hann í netið í uppbótartíma. Tryggði Arsenal sigur gegn Burnley.

Kom á óvart Lee Grant, 33 ára gamall markvörður Stoke, sem er í láni frá Derby varð allt hvað á markið kom í 1-1 jafntefli gegn Manchester United á útivelli. Grant var aðeins að spila annan leik sinn í ensku úrvalsdeildinni en lokaði markinu fyrir gestina. Frábær frammistaða hjá markverðinum.

Ox er svo mikið að skjóta yfir áður en boltinn fer í höndina á Koscielny. Frábært mark hjá okkar öflugum fyrirliða :)

Daniel Geir Moritz
@DanielGeirMoritz

Meistarakeppni KKÍ

Snæfell - Grindavík 70-60

Snæfell: Taylor Brown 29/7 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 15/7 fráköst/6 stoðsendingar/5 stólnir, Berglind Gunnarsdóttir 12/4 fráköst, Andrea Björt Ólafsdóttir 7/5 fráköst, Pálina María Gunnlaugsdóttir 4/5 fráköst, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 3/6 fráköst.

Grindavík: Ashley Grimes 21/11 fráköst, María Ben Erlingsdóttir 12/5 fráköst, Ingunn Embla Kristinardóttir 10/6 fráköst, Petrunella Skúladóttir 5/14 fráköst/5 stoðsendingar/5 varin skot, Ólöf Rún Óladóttir 3, Jeanne Lois Figueroa Sicat 3, Ingibjörg Jakobsdóttir 2, Sigrún Elfa Ágústsdóttir 2, Iris Sverrisdóttir 2/4 fráköst

KR - Þór Þ. 69-74

KR: Brynjar Þór Björnsson 21/6 fráköst/6 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 19/8 fráköst/5 stoðsendingar, Snorri Hrafnkelsson 12/5 fráköst, Arnór Hermannsson 7/6 fráköst/5 stoðsendingar, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 5, Vilhjálmur Kári Jenson 3, Darri Hilmarsson 2/9 fráköst.
Þór Þ.: Tobin Carberry 28/6 fráköst/6 stoðsendingar, Maciej Stanislaw Baginski 22/5 fráköst, Emil Karel Einarsson 11/8 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 8/5 fráköst, Halldór Garðar Hermannsson 3/5 fráköst, Erlendur Ágúst Stefánsson 2

Í dag

20.00 Reignwood Classic Golfst.
21.00 Messan Sport

Sex ára bið loksins á enda

Bandaríkin endurheimtu Ryder-bikarinn í gær sem Evrópa var búin að vinna þrisvar í röð. Phil Mickelson var í sigurliðinu 2008 og aftur núna.

GOLF Bandaríkin endurheimtu í gærkvöldi Ryder-bikarinn sem Evrópa hefur varðveitt undanfarin sex ár, en áður en kom að sigri Bandaríkjanna á Hazeltine-vellinum í Minnesota í gærkvöldi var Evrópa búin að vinna þrisvar í röð. Evrópu-liðinu hefur aldrei tekist að vinna fjórum sinnum í röð en aftur á móti hefur evrópska liðið unnið sex af síðustu átta Ryder-bikurum.

Bandaríkin lögðu grunninn að sigrinum með því að vinna allar fjórar viðureignirnar í fjórmenninum á fyrsta keppnisdegi fyrir helgi en Evrópa kom sér fljótt inn í þetta. Bandaríkin voru með þriggja högga forskot fyrir lokadaginn þar sem fram fóru tólf einstaklingsviðureignir í högggleik eins og alltaf. Þar þóttu Bandaríkjamenn ótrúlega vel og innbyrtu öruggan sigur.

Sýning Mickelson og Garcia

Hinn 46 ára gamli Phil Mickelson var í liði Bandaríkjanna sem vann síðast á Valhalla-vellinum í Kentucky fyrir sex árum. Hann var mjög gagnrýninn á frammistöðu Tom Watson sem fyrirliða Bandaríkjanna fyrir tveimur árum þar sem bandaríska liðið fékk skell, en Mickelson var mættur aftur núna á sinn ellefta Ryder-bikar og átti magnaða viðureign gegn Sergio Garcia í lokadeginum.

Þarna mættust tveir reynsluboltar sem eru nú samtals búnir að keppa á 18 Ryder-bikurum. Þeir slógu

högg fyrir högg og settu þútt fyrir þútt í ótrúlegum leik. Endaspretturinn kórónaði daginn þeirra en báðir settu niður flott þútt á 18. flötinni fyrir jafntefli.

Á endanum varð þetta flenging af hálfu Bandaríkjamanna sem unnu, 17-11. Það er stærsti sigurinn í Ryder-bikarinn síðan Evrópa pakkaði Bandaríkjunum saman með 18 og hálfum vinningi gegn níu og hálfum árið 2006.

Love rétti maðurinn

Davis Love III var fyrirliði bandaríska liðsins. Hann virðist ná ótrúlega vel til manna því varafyrirliðinn hans, Tiger Woods, var að hringja í menn og peppa þá fyrir keppni. Tiger er ekki beint þekktur fyrir slíkt. Þá var Bubba Watson, hinn varafyrirliðinn, hrókur alls fagnaðar og gaf spaðafimmur eins og enginn væri morgundagurinn.

Love III stýrði einnig bandaríska liðinu 2012 þegar það „átti“ að vinna á Medinah-vellinum í Illinois í Bandaríkjunum. Þá voru heimamenn með fjögurra vinninga forskot fyrir lokadaginn en töpuðu. Einu sinni næstum því og núna sigur hjá Love hinum þriðja. Ekki amalegt í tveimur Ryder-bikarkeppnum sem fyrirliði. tomas@365.is

LJÓS OG PERUR
25%
AFSLÁTTUR

BYKO

f i t byko.is

SVAKALEGT AÐ HENDA FLÍKUM

Gunnlaug Hannesdóttir textílkennari hefur mikinn áhuga á hvers konar endurvinnslu og hendir helst ekki nokkurri flík. Hún kennir örnámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Hluti af starfi mínu sem textílkennari í grunnskóla er að finna verkefni fyrir krakkana á sem hagkvæmasta hátt. Ég hef alltaf haft áhuga á því að endurnýta hluti og reyna að finna þeim nýjan farveg, sérstaklega tau og heimilislín.“ útskýrir Gunnlaug Hannesdóttir, textílkennari í Snælandsskóla, en hún kennir örnámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu um endurvinnslu á gallabuxum. Námskeiðið tekur eina kvöldstund og fer fram þriðjudaginn 11. október.

Gunnlaug segir margt hægt að búa til úr gallabuxum, innkaupapoka, snyrtibuddur, skálar, tuðrur og ýmislegt fleira. „Svo má skreyta þessa hluti á ýmsan máta, sauma í efnið eða mála á það.

Það er bara hugmyndaflugið sem ræður og hvað maður gefur sér mikinn tíma. Ég hef verið að gera svuntur og körfur, poka og tuskudýr úr gallabuxum en ég hef safnað þeim að mér í nokkur ár. Samstarfsfólk mitt hefur líka verið duglegt að koma með gamlar gallabuxur, gardínur og fleira tau sem fellur til að heiman frá sér. Það hendir engu fyrr en búið er að athuga hvort ég geti ekki notað það í eitthvað,“ segir Gunnlaug. Margs konar textíll falli til á venjulegu heimili sem synd sé að henda.

„Mér finnst alveg svakalegt að vita til þess að fólk sé að henda þessu. Mér líður alltaf vel þegar hægt er að nýta hlutina og reyni að prenta það inn hjá krökkunum sem ég kenni. Það sem ég get ekki nýtt fer í Rauða krossinn.“

Í h ú s a k y n n u m Heimilisiðnaðarfélagins eru



Gunnlaug Hannesdóttir textílkennari segir ýmislegt hægt að búa til úr gömlum gallabuxum og öðru taui sem fellur til.



Buxnaskálm verður að stællegum poka til dæmis utan um blómátt. MYNDIR/ERNIR

saumavélar. Fólk getur einnig tekið með sér eigin vélar á námskeiðið og þá ættu þátttakendur að koma með efni með sér til þess að sauma úr. „Það er gott að nota tækifærið og hreinsa eitthvað úr skápunum hjá sér til að nota. Á námskeiðinu fer ég yfir einföld snið og reyni að sýna fleiri hugmyndir svo fólk geti haldið áfram heima,“ segir Gunnlaug.

Þetta er fyrsta námskeiðið sem Gunnlaug kennir hjá Heimilisiðnaðarfélaginu en hún hefur haldið fjölda saumanámskeiða víða um land gegnum árin. „Mér finnst ekki síður skemmtilegt að kenna fullorðnu fólki,“ segir hún. Þá mun Gunnlaug vera með bás á Ráðhúsmarkaði Handverks og hönnunar fyrstu helgina í nóvember. „Þar verð ég með lúffur, töskur og ýmislegt fleira sem ég hef endurunnið úr gömlum út-
saum.“

Nánar má forvitnast um námskeið Gunnlaugar á www.heimilisiðnadur.is.



Gamla dúka, gardínur, buxur og boli má vel nýta í töskur og innkaupapoka.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólnum.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



FRÉTTABLAÐIÐ

REYNIR AÐ NJÓTA HVERS BOLLA

Ragnheiður Hólm Sævarsdóttir er einn fárra kaffibrennara landsins og er eðli málsins samkvæmt fróð um þennan vinsæla drykk. Hún segir tískustrauma í kaffi. Fyrir einhverjum árum var kaffiblöndur og flóknar kaffivélar víða að finna en nú vilja fleiri hreint og uppáhellt kaffi.

Vera Einarsdóttir

vera@365.is



Ragnheiður Hólm Sævarsdóttir hefur starfað sem brennslumeistari hjá Kaffitári í sextán ár. Þegar hún sótti um á sínum tíma vissi hún lítið um kaffi og drakk það helst ekki nema með rjóma. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og þótt hún segist alæta á kaffi þá höfðar kaffi frá Afríku mest til hennar. Núorðið drekkur hún að jafnaði fjóra til fimm kaffibolla á dag en smakkar þess utan allt upp undir þrjátíu kaffibrennslur. Hún er alveg hætt að nota rjóma og drekkur bara svart. Þótt hún gæti sulað í kaffi allan daginn reynir hún að stilla magninu í hóf og njóta frekar hvers bolla.

SMAKKAR ALLAR BRENNSLUR

Ragnheiður brennir baunir í þar til gerðum brennsluofnum. „Við erum með þrjár meginbrennslur; meðalbrennslu, vínarþrennslu og franska brennslu eins og espresso. Sömuleiðis húsbönduna sem við notum í kaffihúsadrykki. Espresso-baunirnar eru mest brenndar. Þær eru mikið notaðar í kaffidrykki til að kaffibragðið komi í gegnum mjólkina. Miðlungsþrennslu baunir geta hins vegar líka gefið mikla fyllingu og bragðlengd ef þær eru góðar og það sama á við um vínarþrennslu baunir. Ragnheiður smakkar allar brennslur og er það gert þrisvar til fjórum sinnum í viku. Það er alls staðar eins gert.

„Þú malar tíu grömm og setur í glós. Þá er heitu vatni bætt við og beðið í fjórar mínútur meðan kaffið er að brjóta sig. Að þeim tíma liðnum er byrjað á því að finna ilminn. Síðan er kremmunnur fleytt af og kaffið smakkað með djúpri skeið. Það er svo látið umlykja munninn og síðan spýtt út.“ Ragnheiður segir misjafnt hversu margar brennslur hún smakkar en þær geta verið frá tíu og upp í þrjátíu á dag. „Sumt er svo gott að maður stelst til að kyngja. Eitt hvað síast líka inn svo þú getur alveg fundið áhrifin en yfirleitt



Ragnheiður er persónulega hrifust af kaffi frá Afríku.

kemur það nú ekki að sök.“

Ragnheiður fer reglulega á brennslunámskeið og fyrirlestra í útlöndum og þykir góð í sínu fagi. Hún hefur sömuleiðis unnið til verðlauna fyrir blöndur sínar „Í upphafi fór ég mest til Bandaríkjanna en upp á síðkastið til Danmerkur, Svíþjóðar og Norögs. Þetta er lítil stétt hér á landi og mikilvægt að halda sér við með því að hitta kollega í faginu.“

KEMUR MEÐ ÆFINGUNNI

En hvernig verður maður góður kaffismakkarari? „Það kemur fyrst og fremst með æfingunni. Í fyrstu finnst mörgum allt bragðast eins en með tímanum finnur þú greinilegan mun á milli heimsálfa og jafnvel bara á milli Suður- og Mið-Ameríku. Jarðvegurinn er misjafn og sömuleiðis yrkið en allt hefur þetta sín áhrif.“ Aðspurð segist Ragnheiður hafa mest gaman af því að drekka kaffi frá Kenýa, Rúanda, Eþíópíu og öðrum Afríkuríkjum. „Það er mjög frábrugðið öðru og getur verið blómlegt, sitrusríkt og með vintónum.“

Ragnheiður segir tísku í kaffi

eins og öðru. „Fyrir einhverjum árum voru kaffiblöndur mjög vinsælar en þá er kannski verið að blanda saman ávaxtaríku kaffi við kaffi með fyllingu og kryddi sem kemur oft vel út. Hin síðari ár hefur þó verið meira um að fólk vilji kaffibaunir frá einu tilteknu landi eða svæði eins og Kólumbíu, Indónesíu, Gvatemala og þar fram eftir götunum. Við bregðumst að sjálfsögðu við því og erum með nýju tegundir af hreinu kaffi en bjóðum auðvitað líka upp á blöndur.“

HRIFIN AF UPPÁHELLTU

Ragnheiður segir marga sömuleiðis vera farna að hella upp á kaffi upp á gamla mátann í stað þess að nota finar kaffivélar. Sjálf er hún afar hrifin af því. „Það eru auðvitað komnar nýjar og finar græjur en í grunninn er þetta sama aðferð og notuð var í gamla daga með trekt og brúsa. Gatið á nýju trektunum er hins vegar gjarnan víðara og mér finnst kaffið verða bæði tærara og bjartara. Ef fólk sækist ekki eftir því getur það notað taupoka en þá verður kaffið þéttara í sér.

Kanil snúða dagurinn

Njóttu Findus kanilsnúða með fjölskyldunni, vinum og vinnufélögum og efldu um leið fjölskyldu- og vinabönd

Í meira en áratug hefur „kanelbulledagen“ verið haldinn hátíðlegur þann 4. október í Svíþjóð.

Við munum því halda upp á kanilsnúðadaginn hér á landi í samstarfi við Findus, sem framleiðir ekta sænska kanilsnúða.

Findus



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ

sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR

ÁBYRGÐARMADUR: Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMENN EFNIS:

Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349

Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is,

s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir,

heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir,

solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr

Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358

Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is,

s. 512 5457 | Jóhann Waage, johann-

waage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vil-

helmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur

H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnabakka



Iceland



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar
Hallgrímsson
hdlöggfasteignasali
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfínsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðingsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Skipholt – verslunarhúsnæði



Afar glæsilegt og vel staðsett 241,3 fm. verslunarhúsnæði á jarðhæð við Skipholt. Húsið er byggt árið 2007 og er klætt að utan með viðhaldslitilli klæðningu. Tveir inngangar eru í verslunina frá Skipholti og því hægt að skipta eignarhlutanum upp í tvö minni verslunarymi. Tveir inngangar eru eignnig í húsnæðið bakatil, í lager annarsvegar og hinsvegar inn í starfsmannarymi. Öll hæðin er flísalögð með ljósum flisum og er húsnæðið mjög bjart og aðgengilegt. Hitalögn er í stéttum fyrir framan og aftan hús.

Verð 84,9 millj.

Óðingsgata 9. Heil húseign.



Mikið endurnýjuð um 320,0 fm. húseign á þremur hæðum að meðtöldu 77,0 fm. bakhúsi við Óðingsgötu 9. Rekin hefur verið heimgisting í heildareigninni um áratugaskeið undir nafninu Óðinn gistiheimili. Eignin hefur verið mjög mikið endurnýjuð að innan og utan á sl árum og er í góðu ástandi. Svalir útaf 2. og 3. hæð hússins til suðurs eru nýlegar sem og brunastigi á baklöd hússins. Á lóðinni er stór og nýleg viðarverönd á milli fram og bakhúss.

Heimasíða gistiheimilisins fylgir með í kaupunum, www.odinnreykjavik.com

Grenibýggð – Mosfellsbæ



Glæsilegt og vel byggt 221,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr (45,3 fm) á einstökum stað við skógarjaðar í Mosfellsbæ.

Einstaklega glæsileg lóð með fallegum gróðri og stór suður viðarverönd með heitum potti. Gegnheit oliuborði eikarparket og flísar á gólfum. Aukin loft-hæð er í holi og stofum með innfelldri lýsingu.

Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt.

Verð 89,5 millj.

Frostaskjól



Virkilega fallegt og vandað 285,1 fm. endaraðhús á þremur hæðum að meðtöldum bílskúr á þessum eftirsóttá stað við Frostaskjól. Húsið er teiknað að innan af Finni Fróðasyni, arkitekt og Stanislav Bohic hannaði lóð hússins. Stórar og bjartar stofur með mikilli loft hæð. Borðstofa með útgengi á skjólsæla verönd. Fjögur herbergi. Hús að utan nýlega málað.

Eignin er vel staðsett með Grandaskóla, íþróttaaðstöðu KR, tónlistarskóla o.fl í góðri göngufjarlægð.

Verð 87,5 millj.

Grundarland.



Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað 255,4 fm. einbýlishús á einni hæð á virkilega fallegri, gróinni og vel hirtri lóð á einstökum stað neðarlega í Fossvogi.

Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförunum árum, m.a. gólfefni, baðherbergi, eldhús, raflagnir o.fl. Nýtt þak var sett á húsið árið 1989.

Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi í húsinu.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Breiðavík.



Fallegt 226,5 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 41,1 fm. bílskúr. Húsið stendur í fremstu húsaröð við botnlangagötu með óhindruðu útsýni. Allar innréttingar og hurðir eru sérsníðaðar úr rauðu eðalbeyki. Hellulögð aðkeyrsla. Þrjár sólpallar. Stór viðarpallur mót suðri með skjólveggjum, hinir tveir með steinstéttum í góðu skjóli.

Afar rólegt umhverfi með golfvöllinn við Korpúlfsstaði í sjónmáli. Stutt í margs konar þjónustu, skóla, Spöngina og Egilshöll. Fallegar göngu- og hjólréiðaleiðir meðfram ströndinni.

Verð 84,9 millj.

Miðleiti. 4ra herbergja endaíbúð. Laus til afhendingar strax.



Vel skipulögð 121,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara. Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bilageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfimisal á 5. hæð. Húsvörður.

Verð 54,5 millj.

Sumarhús/Heilsárshús í Grímsnesi.



Vandað og glæsilegt sumarhús/heilsárshús við Sogsbakka í Grímsnesinu.

Eignin stendur á frábærlega staðsettri 6,184 m² eignarlóð. Húsið er timburhús á steyptum grunni, klætt að utan með búrústáli og Jatoba harðviði og er því frekar viðhaldslítill.

Svæðið er lokað með gsm hliði og því engin óviðkomandi umferð um það. Stutt í golfvelli, sundlaug og alla þjónustu.

Verð 39,5 millj.

LANGALÍNA 20 - 26, SJÁLANDI GARÐABÆ

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

LUNDUR 25 – KÓPAVOGI

NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fermetrum upp í 179,2 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.
Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

BÚÐAVAÐ 1

Búðavað 1. Parhús með stórfenglegu útsýni.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega fallegt og vandað 246 fm. parhús á tveimur hæðum með aukaíbúð á jarðhæð.

Að innan er eignin virkilega vönduð með sérsmiðuðum innréttingum, gólfhlita, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í stóra hluta lofta. Að utan er húsið í góðu ástandi, staðsteypt og byggt úr vönduðum byggingarefnum. Lóðin er fullfrágengin með hellulagðri stétt og innkeyrslu fyrir framan húsið og stórní harðviðarverönd til suðurs neðan við hús. **Gríðarlega falleg staðsetning þar sem mjög mikils og fallegs útsýnis nýtur yfir Elliðavatnið, til fjalla og víðar. Verið velkomin.**

Verð 79,9 millj.



OPÍÐ HÚS
Í DAG

Skógarvegur 14. Ný 4ra herb. lúxusíbúð á efstu hæð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Afar glæsileg 160,0 fm. lúxusíbúð á 4. hæð (efstu) að meðtöldri sér geymslu í kjallara í nýbyggingu við Skógarveg 14 í Reykjavík. Íbúðin er í vestasta hluta hússins með óhindruðu og afar fallegu útsýni yfir Fossvoginn. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi (þar af hjónasvitu með fataherbergi og baðherbergi), 2 baðherbergi, þvottahús, eldhús með stórrí eyju, stofu, borðstofu og rúmgóðum suðursvölum. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni og lyfta er í húsinu. Gólfhliti í allri íbúðinni. **Verið velkomin.**

Verð 89,5 millj.

4RA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG


LEIFSGATA 9.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 90,3 fm. íbúð á 3. hæð með svölum til suðausturs og 12,3 fm. sér geymslu í kjallara. Samliggjandi skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Húsið að utan er nýlega viðgert og gler og gluggar er að mestu leiti nýlegt. **Frábær staðsetning í göngufæri við miðborgina. Verið velkomin.**

39,0 millj.

4RA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

SAFAMÝRI 27. SÉRINNGANGUR.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og mjög lítið niðurgöfing 109,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi á þessum eftirsóttasta stað. Íbúðin skiptist í rúmgott ho, rúmgóð stofu/borðstofu, endurnýjað eldhús og tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. **Verið velkomin.**

39,9 millj.

3JA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
MIÐVIKUDAG

NESHAGI 7 - MEÐ AUKAHERB. Í RISI.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 83,4 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi. Íbúðinni fylgir 9,1 fm. íbúðarhæð í risi og 4,9 fm. sér geymsla í kjallara. Samtals er íbúðin því 97,4 fm. að stærð. Svalir til suðurs út af stofu. Nýtt parket og skipt var um alla ofna árið 2016. Húsið að utan var viðgert og steinað fyrir um 8 árum síðan. **39,9 millj.**

4RA HERBERGJA



LÍNAKUR – GARÐABÆ.

Virkilega falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð með sérinngangi á útsýnisstað við Línakur í Garðabæ. Nýtt eikarparket er á íbúðinni. Rúmgöð og björt stofa. Opíð eldhús við stofu með stórrí eyju. Þrjú herbergi. Skjólssæl verönd til suðurs. Mjög stutt er í leikskólann Akra, Hofstaðaskóla og stutt er út á aðlabraut. **47,9 millj.**


5 HERBERGJA



LINDARGATA. HÆÐ OG KJ.MEÐ SÉRINNGANGI.

57,6 fm. íbúð með sérinngangi auk 155,0 fm. rýmis í kj., samt. 212,6 fm. Hægt er að ganga í rými í kjallara beint úr íbúð og einnig frá sameign hússins. Kjallari er mjög stór sem mætti nýta sem framlengingu á íbúð eða sem vinnuádstöðu. Hluti af rými í kjallara er hljóðeinangrað sem stúdíó. Einungis 5 íbúðir í húsinu. Gengið úr stofu á steypta lokaða verönd sem nýttist tveimur íbúðum jarðhæðar. **38,9 millj.**

4RA HERBERGJA



BRAGAGATA. LAUS STRAX.

Vel skipulögð og björt 100,6 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðursvölum við Bragagötu. Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar. 5 íbúðir eru í húsinu. Rúmgöð stofa með útgengi á suðursvalir. Þrjú herbergi. Eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Fallegt útsýni er úr íbúðinni og af suðursvölum. **44,9 millj.**

2JA HERBERGJA



VATNSSTÍGUR 16-18. GLÆSILEG ÍBÚÐ.

Glæsileg 112,5 fm. íbúð með vestursvölum á 1. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Stórir gólfíðir gluggar til vesturs í stofu og svefnherbergi. Svalir eru með tré-fjólum og svalalokun. **54,9 millj.**

3JA HERBERGJA



BARMAHLÍÐ.

Mikið endurnýjuð 86,2 fm. íbúð í kjallara að meðtöldri 2,3 fm. sér geymslu í fjór-býlishúsi við Barmahlíð. Gólfefni eru endurnýjuð og íbúðin er nýmálúð auk þess sem búið er að draga nýtt rafmagn í alla íbúðina. Húsið er nýlega steinað að utan, þak er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll. Klóaklagirnir eru endurnýjaðar. Sameign er nýmálúð ásamt því að gólf var flísalagt **34,9 millj.**

3JA HERBERGJA



RÁNARGATA.

Góð 90,1 fm. íbúð á 2. hæð með stórum svölum til suðurs í steinsteyptu þríbýlishúsi. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og því mjög björt. Lofthæð í íbúð er um 2,75 metrar. Svalir útaf stofum til suðurs eru um 15 fm. að stærð og markísa er yfir hluta þeirra. Af svölum er stigi niður á sameiginlega lóð. **Frábær staðsetning í góðu göngufæri við miðborgina. 41,9 millj.**



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri
Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali
Geir Sigurðsson, viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali
Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.
Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali
G. Andri Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
Gunnar Jóhann Gunnarsson, hdl., löggiltur fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Þorleifsdóttir, ritari
Asís H. Júlíusdóttir, ritari
Anna M. Sigurðardóttir, ritari

STEINAVÖR 4 – SELTJARNARNESI



Einstakt rúmlega 400 fm einbýlishús á 1.494 fm sjávarlóð á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Glæsilegt óhindrað sjárvarútsýni. Vífill Magnússon arkitekt teiknaði húsið árið 1979. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, stórt skrifstofuherbergi, eldhús, fimm herbergi, tvö baðherbergi, snyrtingu, þvottahús, geymslur og fl. Tvöfaldur bílskúr. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar eru í húsinu. Arinn er í stofu. Verð: tilboð. Nánari uppl. veita: Kjartan Hallgeirsson og Sverrir Kristinsson, löggiltir fasteignasalar.

KJARRVEGUR 15 108 REYKJAVÍK



Vel staðsett og rúmgóð 4ra herbergja 116,8 fm endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Kjarrveg í Fossvogi. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir. Þrjú herbergi. Eignin er sérstaklega vel staðsett í rólegu umhverfi, stutt er í mikið af göngu- og hjólaleiðum. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Opið hús þriðjudaginn 4. okt. n.k. milli 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 02-01) V. 46,9 m.**

SKÚLAGATA 20 101 REYKJAVÍK



Mjög vel um gengin og falleg 64,4 fm 2ja herbergja íbúð á 6. hæð í góðu lyftuhúsi við Vitatorg. Góðar suður svalir, tengi fyrir þvottavél á baði og fallegt útsýni. Húsvörður er í húsinu. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Opið hús þriðjudaginn 4. okt. n.k. milli 17:00 og 17:30 (íbúð merkt 06-03). Verð 35 millj.**

KLUKKUELLIR 19 221 HAFNARFJÖRDUR



Fallegt 187 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið sem er á einni hæð skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, stofu með opnu eldhúsi, sjónvarpsstofu, þrjú góð herbergi, baðherbergi, innbyggðan bílskúr og þvottaherbergi (geymsla). Hiti í gólf. Rúmgóð herbergi og góð lofthæð. **V. 53,9 m.**

SEILUGRANDI EFNI VANTAR.



Mjög falleg og vel skipulögð 4ra herb. íbúð á 3. hæð, samtals 131,1 fm. Sér inngangur af svölum. Íbúðin er skráð 100,2 fm og staði í bilageymslu 30,9 fm. Rúmgóð stofa og þrjú herbergi. Svalir er útaf stofu. Fallegt útsýni. **Opið hús mánudaginn 3. okt. n.k. milli 17:30 og 18:00 (íbúð merkt 03-01). Verð 39,9 millj.**

EYJABAKKI 30 109 REYKJAVÍK



Vel skipulögð og mikið endurnýjuð 99,3 fm 4ra herbergja íbúð. Björt og rúmgóð stofa með útgengi út á svalir. Standsett baðherbergi. Þrjú parketlögð herbergi. Þvottahús er innan íbúðar. Stutt er í alla helstu þjónustu s.s. grunn- og leikskóla. **Opið hús þriðjudaginn 4. okt. n.k. milli 18:00 og 18:30. (íbúð merkt 02-02) V. 31,5 m.**

PINGHÓLSBRAUT 200 KÓPAVOGI



Frábærlega staðsett 142,8 fm neðri sérhæð með bílskúr við Pínghólsbraut í Vesturbæ Kópavogs. Íbúðin er skráð 124,8 fm og bílskúrin 18 fm. Fallegt útsýni, fjögur svefnherbergi og suðvestur svalir. **Opið hús mánudaginn 3. okt. milli 18:00 og 18:30. Verð 45,4 millj.**

NEÐSTALEITI 4 103 REYKJAVÍK



2ja herbergja 57,5 fm íbúð á 4.hæð í góðu vel staðsettu lyftuhúsi ásamt staði í bílskúli. Parket, flisar, góðar innréttingar. Úr stofu er gengið út á góðar svalir í suður með miklu útsýni. Íbúðin er í leigu og laus samkvæmt samkomulagi. **Opið hús mánudaginn 3. okt. n.k. milli 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 04-02)**

HRINGBRAUT 82 101 REYKJAVÍK



Vel skipulögð 69,7 fm 3ja herbergja íbúð við Hringbraut í Reykjavík. Nýleg innrétting er í eldhúsi. Björt parketlögð stofa. Í kjallara er rúmgóð geymsla. Stutt er í alla helstu þjónustu s.s. grunn- og leikskóla. **Opið hús þriðjudaginn 4. okt. n.k. milli 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 02-01). Verð 31,9 millj.**

HAUKANES 6 210 GARÐABÆR



Glæsilegt einstaklega vandað og vel skipulagt samtals 385 fm einbýlishús með glæsilegu útsýni. Húsið stendur á sjávarlóð sem er eignarlóð. Húsið hefur verið mikið yfirfarið og endurnýjað m.a. þak á húsi og bílskúr og fl. Vandaðar innréttingar. Stór stofa og borðstofurými við útsýnisglugga og rúmgóðu fjölskyldueldhúsi. Föndur/leikherbergi á neðri hæðinni ásamt þremur herbergjum og rúmgóðu hjónah.. Endurnýjuð vönduð baðh.. Einstaklega fallegur garður með gróðri og skjólgóðum veröndum. Góður 43,4 fm bílskúr er framan við húsið.

HÁAGERÐI 79 108 REYKJAVÍK



Fjögurra herbergja 59,8 fm risibúð í endarahúsi í góðu hverfi. Suð-vestur svalir í stofu og góður garður. Gengið er inn um sameiginlegan inngang með einni annari íbúð. Eignin getur verið laus fljótlega. **Opið hús mánudaginn 3. okt. n.k. milli 17:15 og 17:45. V. 26,9 m.,**

